

# Stefna Almenna lífeyrissjóðsins um ábyrgar fjárfestingar

## Fylgiskjal með fjárfestingarstefnu 2021

### Markmið stefnunnar

Stefna Almenna lífeyrissjóðsins um ábyrgar fjárfestingar markar siðferðisleg viðmið í fjárfestingum sjóðsins, sem lífeyrissjóðum ber að setja sér skv. 36. grein laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu og starfsemi lífeyrissjóða.

Með ábyrgum fjárfestingum er átt við að horft sé til umhverfismála, félagslegra málefna og stjórnarháttanna í fjárfestingum. Viðmið og áherslur Almenna lífeyrissjóðsins um stjórnarhætti í þeim félögum sem sjóðurinn á verulegan eignarhlut í, er jafnframt að finna í **eigendastefnu**, sem fylgir með fjárfestingarstefnu sjóðsins.

### Samfélagsleg ábyrgð

Almenni lífeyrissjóðurinn er langtímafjárfestir og er meginmarkmið sjóðsins að ávaxta fé sjóðfélaga á hagkvæman hátt í samræmi við fjárfestingarstefnu á hverjum tíma og tryggja sjóðfélögum sem hæstan lífeyri við starfslok.

Lífeyrissjóðurinn telur að samfélagsleg ábyrgð, þ.e. áhersla á umhverfisþætti, félagslega þætti og góða stjórnarhætti, sé mikilvæg forsenda fyrir því að fyrirtæki stuðli að sjálfbærni og geti skilað góðri afkomu til langs tíma.

### Grunngildi og viðmið

Almenni lífeyrissjóðurinn telur mikilvægt að fyrirtæki móti sér stefnu um umhverfismál, félagsleg málefni og stjórnarhætti. Markmiðið er m.a. að stuðla að sjálfbærri nýtingu auðlinda, draga úr mengun, lágmarka starfsemi sem er skaðleg fyrir umhverfið, virða mannréttindi og kjarasamninga starfsfólks ásamt því að innleiða góða stjórnarhætti sem eru í samræmi við gildandi reglur og viðmið hverju sinni.

Við mat á fjárfestingum sjóðsins er m.a. horft til grunngilda Sameinuðu þjóðanna um samfélags-ábyrgð (UN Global Compact) sem og viðmiðunarreglna Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (UN Principle of Responsible Investment). Í reglunum er m.a. fjallað um hvernig áhersla á umhverfismál, félagsleg málefni og góða stjórnarhætti fyrirtækja getur stuðlað að betri ávöxtun fjárfesta. Þannig fari saman hagsmunir fjárfesta og samfélagsins í stærra samhengi. Almenni lífeyrissjóðurinn er jafnframt stofnaðili í samtökunum **IcelandSIF**, en tilgangur þeirra er að efla þekkingu á aðferðafræði sjálfbærra og ábygrra fjárfestinga.

Við mat á fjárfestingarkostum er horft til ýmissa þátta í starfsemi útgefenda sem tengjast umhverfismálum, félagslegum málefnum og stjórnarháttum:

- Fyrirtækjum ber að fara að lögum og reglum sem gilda um þeirra starfsemi, þ.m.t. lögum um umhverfismál og skulu jafnframt leitast við að draga úr neikvæðum áhrifum sem starfsemi þeirra getur haft á umhverfið.

- Fyrirtækjum ber að virða alþjóðleg mannréttindi, kjarasamninga og aðra samninga um réttindi starfsfólks.
- Fyrirtæki skulu leitast við að móta og fylgja eftir stefnu um umhverfismál og sýna ábyrgð gagnvart umhverfinu.
- Fyrirtæki skulu leitast við að upplýsa hluthafa um stefnu í umhverfis- og félagslegum málum og aðgerðir samkvæmt henni með reglubundnum hætti.
- Mikilvægt er að fyrirtæki horfi til leiðbeininga um góða stjórnarhætti sem eru í gildi á hverjum tíma.

#### **Framkvæmd stefnu**

Stefna um ábyrgar fjárfestingar er hluti af fjárfestingarferli Almenna lífeyrissjóðsins.

Lífeyrissjóðurinn fylgir eftir stefnu um ábyrgar fjárfestingar með því að greina sérstaklega við mat á fjárfestingarkostum, hvort og hvaða stefnu útgefandi verðbréfa hefur um umhverfismál, félagsleg málefni og stjórnarhætti. Slík könnun er hluti af heildarmati á fjárfestingarkostum. Það sama á við um fjárfestingar í innlendum og erlendum sjóðum, en þá er kannað hvort að rekstraraðili hafi mótað stefnu um ábyrgar fjárfestingar. Almenni lífeyrissjóðurinn telur mikilvægt að rekstraraðilar hafi sett sér skýra stefnu í ábyrgum fjárfestingum.

#### **Endurskoðun og birting stefnu**

Stefna um ábyrgar fjárfestingar skal endurskoðuð árlega og eftir því sem tilefni er til. Stefnan er fylgiskjal með fjárfestingarstefnu og er birt á heimasíðu lífeyrissjóðsins.

Samþykkt á fundi stjórnar Almenna lífeyrissjóðsins þann 25. nóvember 2020